



Fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2022

- Seinni umræða

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

1578. fundur bæjarstjórnar

2. desember 2021



Fyrir breytingartillögu bæjarstjórnar

	Sveitarsjóður	Samantekið A og B
Tekjur	4.778.074	7.055.501
Gjöld	4.763.482	6.909.456
Fjármunatekjur og gjöld	106.505	112.654
Rekstrarniðurstaða	121.097	258.699

Eftir breytingartillögu bæjarstjórnar

	Sveitarsjóður	Samantekið A og B
Tekjur	4.780.074	7.093.192
Gjöld	4.769.017	6.969.999
Fjármunatekjur og gjöld	106.505	112.654
Rekstrarniðurstaða	117.562	235.848




Eignfærðar framkvæmdir

- Áætlaðar eignfærðar framkvæmdir á árinu 2022 nema 943,5 mkr.
- Stærstu verkefni ársins eru:
 - Hamarsskóli 200 mkr.
 - Ráðhúsið 120 mkr.
 - Neðansjávarlögn – endurný. 80,5 mkr.
 - Íþróttahús – búningsklefar 70 mkr.
 - Hásteinsvöllur – framkv. 60 mkr.
 - Gatnaframkvæmdir 62 mkr.



Stærstu eignfærðu framkvæmdir 2022 í milljónum króna





Hamarsskóli

Áætluð verklok 2024



- Verið er að vinna forvinnu við hönnun á nýbyggingu Hamarsskóla. Til stendur að bjóða út verkið og hefja framkvæmdir á árinu 2022. Þegar búið verður að byggja við Hamarsskóla verða 5. ára deildin, 1.-4. bekkur GRV, Frístundaverið og Tónlistarskólinn undir sama þaki. Að auki verður bylting í aðstöðu fyrir alla starfsemi skólans m.a. með tilkomu samkomu- og matsalar.





Ráðhús Áætluð verklok 2022

- Viðgerðum untanhúss er nánast lokið, en húsið var verr farið en áætlað var í upphafi. Austur- og suðurhlið voru mjög sprungnar og hefur verið unnið að þéttingum á húsinu.
- Uppbygging er hafin að innan. Búið er að reisa milliveggi og verið er að múra.
- Reiknað er með að taka miðhæð og ris í notkun á tímabilinu febrúar-mars 2022.
- Gert verður fallett svæði sunnan við Ráðhúsið sem hæfir húsinu og mun nýttast bæjarbúum.





Fráveitulagnir í höfninni

- Dælulagnir úr Brattagarði á Eiði eru orðnar 50 ára gamlar og gáfu sig í fyrra rétt sunnan við Kleifarbruggju. Var framkvæmd bráðabirgðaviðgerð sem er í góðu lagi en áætlað er að leggja nýjar lagnir þar sem þær gömlu eru komnar á tíma.
- Megnið af íbúðabyggð Vestmannaeyja fer í gegnum þessar lagnir auk starfsemi Ísfélags Vestmannaeyja.





Íþróttamannvirki - búningssklefar

- Unnið verður að endurbótum og uppbyggingu á búningaðstöðu vestan megin við gamla íþróttasalinn.
- Unnið er að heildaráætlun til 10-15 ára fyrir uppbyggingu og endurbætur á íþróttamiðstöð.







Vigtartorg

Áætluð verklok 2022

- Framkvæmdir við Vigtartorg eru í gangi á grunni hugmynda Péturs Jónssonar arkitekts.
- Búið er að hlaða veggi að mestu og panta allan búnað svo sem leiktæki og lýsingu
- Ráðgert er að ljúka frágangi við svæðið sjálft fyrir næsta sumar.






Nýsköpunar- og frumkvöðla-starfsemi

Töluverð vinna átt sér stað við framkvæmdir á 3. hæð Fiskiðjuhússins. Ákveðið var að koma fyrir starfsemi Fablab á hæðinni, útbúa aðstöðu fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlastarf og leigja út hluta til annarrar þekkingarstarfsemi.

Ákveðið var að hefja framkvæmdir í suður- og vesturhluta. Horft er til þess að aðstaðan geti stækkað í norður- og austurhluta hússins eftir því sem eftirspurnin og þarfirnar aukast.

Hafin er vinna að tillögum við áframhaldandi skipulagningu 3. hæðarinnar.





Hásteinsvöllur – Gervigras og flóðlýsing Áætluð verklok 2023

- Til stendur að setja gervigras og flóðlýsingu á Hásteinsvöll til að uppfylla m.a. þær kröfur sem gerðar eru til keppnisvalla.
- Einnig er þetta gert til að auka nýtingu á vellinum, bæði fyrir æfingar og keppni.
- Framkvæmdin er í samræmi við óskir sem komið hafa fram í tengslum við vinnu um framtíðarsýn uppbyggingar íþróttamannvirkja í Vestmannaeyjum.






Gjaldfærður kostnaður

- Áætlaður gjaldfærður kostnaður á árinu 2022 nemur 238,4 mkr.
- Stærstu verkefni ársins eru:
 - Dýpkun við Bæjarbryggju 30 mkr.
 - Leikvellir og skólalóðir 20 mkr.
 - Gönguleiðir við Dal fjall, Hamar og Sæfell 20 mkr.
 - Löngulá - deiluskipulag 15 mkr.
 - Ferðamál 15 mkr.
 - Spjaldtölvuvæðing GRV 12 mkr.
 - Sjóminnjasafn 12 mkr.
 - Viltu hafa áhrif? - ýmis verkefni 11 mkr.



Helstu gjaldfærslur árisns 2022 í milljónum króna





Leikvellir í íbúðahverfum


- Gert er ráð fyrir að gera þrjá nýja leikvelli í íbúðahverfum á næsta ári. Verða nýir og nýuppgerðir leikvelli í íbúðahverfum Vestmannaeyja þar með orðnir sex á ári.
- Áfram verður unnið að uppbyggingu á skólalóðum.





Gönguleiðir við Dalfjall, Hamar og Sæfjall

- Undanfarin ár hefur verið í gangi áttak á gönguleiðum
- [Gönguleiðir | Vestmannaeyjarbær](#)
- Til stendur að halda áfram uppbyggingu og lagfæringu gönguleiða sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Einnig stendur til að bæta gönguleiðir við Sæfjall, Heimaklett og Eldfell.





Löngulág, deiliskipulag


- Mikil eftirspurn er eftir íbúðarlóðum og mikilvægt að skipuleggja ný hverfi til að mæta þeirri eftirspurn
- Gerð er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði á malarvelli við Löngulág. Um er að ræða lágreista íbúðarbyggð, einbýli, raðhús og/eða litlum fjölylishúsum á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir a.m.k. 40 íbúðum.
- Á suðurhluta svæðisins hefur verið gróðursett í hlíðinni. Áfram verður gert ráð fyrir grænu svæði þar með trjágróðri.





Átaksverkefni í ferðamálum

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við Ferðamálasamtök Vestmannaeyja um markaðsátak á næsta ári. Átakið sem ráðist var í undafarin tvö sumur tókust mjög vel.
- Þá hefur jafnframt verið ákveðið að halda áfram átaksverkefninu “Veldu Vestmannaeyjar”, sem snýr að því að vekja athygli ungs fólks á Vestmannaeyjum sem ákjósanlegum búsetukosti.





Uppbygging í tölvu- og upplýsingatækni- málum GRV

Mikil uppbygging hófst í upplýsinga- og tæknimálum Grunnskóla Vestmannaeyja á árinu 2020. Hélt uppbyggingin áfram á þessu ári og stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu á árinu 2022. Fyrir liggur metnaðarfull áætlun frá skólanum til grundvallar þessu verkefni. Verkefnið verður unnið 2020-2022.





Menntarannsókn

- Á næsta ári heldur áfram rannsóknar- og þróunarverkefnið „Kveikjum neistann“ sem hleypt var af stokkunum fyrr á árinu. Um er að ræða gríðarlega spennandi verkefni, sem er einstakt á landsvísu.
- Stjórnendur og starfsfólk GRV, bæjaryfirvöld, Háskóli Íslands- menntavísindasvið, Samtök atvinnulífsins og Menntamálaráðuneytið ásamt Hermundi Sigurmundsyni og samstarfsfólki, standa að verkefninu. Þessir aðilar eru reiðubúin til þess sækja fram og efla lestrarkennslu og námsárangur, en jafnframt að kveikja námsáhuga barna (Neistann) með skipulögðum hætti í þeirri von að bæta árangur.





Björgunarbátur

- Á goslokum 2022 fær Björgunarfélag Vestmannaeyja afhent nýtt björgunarskip.
- Með tilkomu þessa nýja björgunarskips styrkist björgunarnet eyjanna til muna.
- Báturinn mun einnig styrkja mikið sjúkraflutninga milli lands og Eyja.
- Gert er ráð fyrir að gera samning við Björgunarfélagið um fjármagn til næstu 5 ár.





Rafvæðing hafnarinnar

- Vestmannaeyjahöfn státar af einna mestu notkun landrafmagns af öllum höfnum landsins. Með stækkandi skipum hefur hinsvegar þörfin fyrir rafmagn aukist og unnið er að því að stækka tengingar og efla heimtaugar þannig að unnt verði að landa úr skipum á landrafmagni.
- Unnið er að skoðun á möguleika á því að tengja stærri skip, þ.e. flutninga og farþegaskip við rafmagn úr landi en ljóst að slíkar tengingar eru mjög dýrar og ekki á færi hafnanna að koma upp slíkum tengingum





Önnur áhersluverkefni í fjárhagsáætlun



Umhverfismál

- Átak í umhverfismálum
 - Gróðursetning
 - Fegra græn svæði
 - Fagleg nálgun í umhverfismálum
 - Sérstakir umhverfishópar – græn svæði
- Orkuskipti
 - Rafhleðslustöðvar
 - Kaup á tækjum
- Umhverfisstefna
 - Áætluð verklok í upphafi árs 2022





Leikskólar


- Áhersla lögð á uppbyggingu leikskólastarfs, m.a. með snemmtækri íhlutun.
- Í fjárhagsætlun 2022 er gert ráð fyrir auknu fjármagni til Kirkjugarðis og Sóla, til þess að anna eftirspurn eftir leikskólaplássi fyrir börn 12 mánaða og eldri.
- Samhliða þessu verða skólalóðir aðlagðar að þörfum yngstu nemendanna á Kirkjugarði og Sóla.





Frístundastyrkur

- Frístundastyrkurinn hækkar um 15.000 kr. á árinu 2022, úr 35.000 kr. í 50.000 kr. Hefur frístundastyrkurinn verið tvöfaldaður á þessu kjörtímabili. Hann stendur til boða fyrir krakka á aldrinum 2-18 ára. Einnig hefur verið tekið í notkun rafrænt kerfi sem auðveldar og einfaldar foreldrum og forráðmönnum að sækja um styrkinn.





Ljósleiðaravæðing

- Ákveðið hefur verið að setja á laggirnar einkahlutafélag um ljósleiðaravæðingu í þéttbýli.
- Hlutafé verður 500.000 kr.
- Þriggja manna stjórn og varastjórn félagsins verður skipuð bæjarfulltrúum á næstunni.
- Tilgangur. Að leggja ljósleiðara að hverju heimili í Vestmannaeyjum í mögulegu samstarfi við einkaaðila sem sýnt hafa áhuga á slíku.
- Gert er ráð fyrir að Vestmannaeyjabær leggi félaginu til lán fyrir framkvæmdunum.



Takk



Fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar 2022 er metnaðarfull og ábyrg áætlun til framtíðar.

